

Mál nr. 216/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnurekanda.

Vinnuslys á byggingasvæði við Smáratorg í Kópavogi þann 14.11.1997.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31.10.2001 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-18.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 16.11.2001, ásamt fylgiskjöllum nr. 1-7.

Málsatvik.

Þann 14.11.1997 starfaði M sem undirverktaki hjá byggingarverktakanum A við smíði á þaki Smáratorgs í Kópavogi. Fór M, sem er húsasmiður að mennt, fyrir hópi smíða, er unnu við smíði þaksins. Á vinnusvæðinu við bygginguna voru skurðir og uppgröftur vegna framkvæmda á vegum jarðvinnuverktaka og pípulagningamanna. Verkamenn í starfi hjá A unnu við að rýma svæðið vegna framkvæmda þar. Þ. á m. þurfti að bera af svæðinu límtrésbita sem var um 12 m á lengd og 369 kg að þyngd. Fjórir til fimm menn báru bitann, en áttu í vandræðum með burðinn. Bar þá M að og tók undir bitann fremst. Þá gerðist það að þeir sem aftar voru sliguðust undan byrðinni og fékk M högg á hægri öxl. Hlaut hann áverka á öxlinni og í baki.

Fyrirsvarsmaður A kvaðst hafa fyrirskipað 4 til 5 verkamönnum að bera bitann af svæðinu, þar sem krana eða öðrum tækjum hafi ekki verið komið að bitanum til að flytja hann á brott. Bitinn hafi verið fluttur á svæðið með tæki. Fyrirsvarsmaðurinn kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hversu þungur bitinn var og eftir á að hyggja hefði þurft fleiri til að bera hann. Burðurinn hafi verið erfiður og vinnusvæðið hafi verið mjög erfitt yfirferðar. Þrýstingur hafi verið frá verktökum, sem voru að vinna á vinnusvæðinu, um hreinsun þess. Hafi M komið að burðarmönnum og veitt þeim hjálparhönd með því að fara undir bitann fremst.

Einn verkamannanna, sem vann við burðinn, kvað fyrirvarsmann A hafa skipað 4 eða 5 mönnum að bera bitann. Hann hafi mótmælt því og sagt að það þyrfti fleiri menn til að bera bitann vegna þyngdar hans, en fyrirvarsmaðurinn hafi ekki sinnt því og skipað þeim að halda áfram með verkið. Hafi þeir átt í mesta basli með burðinn, en það hafi verið nokkur vegalengd sem þeir hafi þurft að bera bitann. Þá hafi M komið að og séð að þeir réðu ekki við bitann. Hafi hann farið undir bitann fremst. Þeir sem aftar voru hafi hins vegar sligast undan byrðinni og misst bitann. Þar sem M hafi verið fremstur, hafi hann ekki séð hvað gerðist og fengið talsvert högg á öxlina. Hafi hann kýlst niður undan þunganum.

M hefur krafist bóta úr hendi A. Ábyrgðartryggjandi A hefur hafnað bótaskyldu, þar sem slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika sem bakað geti A skaðabótaábyrgð.

Álit.

Þegar litið er til þess hvernig fyrirvarsmaður A hefur lýst aðdraganda þess að umræddur límtrésbiti var borinn út af vinnusvæðinu, var að verkinu staðið með ófullnægjandi hætti. Að verkinu komu allt of fáir menn og verður það rakið til þess að fyrirvarsmaðurinn vanmat þyngd bitans og hversu erfiður hann var í meðförum miðað við aðstæður. Vanmat í þessum efnum verður að virða fyrirvarsmanninum til sakar. Þá verður að telja að orsök þess að mennirnir sliguðust undan þunganum og misstu bitann sé fyrst og fremst það hversu fáir voru

við burðinn. Slysið, sem M varð fyrir, verður því rakið til saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanns A. Ber A því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Þótt M hafi hlaupið undir bagga með burðarmönnunum verður ekki talið að hann hafi mátt búast við að fá bitann ofan á öxlina af þeim þunga sem raunin var. Eru ekki næg efni til að leggja á hann sök vegna slyssins.

Niðurstaða.

A ber óskerta bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 5. desember 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.